




„Ég særi þig gigt
og kveisa burt að
flýja, ég mana þig,
ég deyfi þig,
ég drep þig kveisa.“

Kveisu- strengurinn

Lbs fragm. 14

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



Í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er að finna um 400 ára gamalt dökkt og máð skinnblað sem hefur safnmarkið Lbs fragm. 14. Blaðið er 58,4 × 10,8 sm að stærð og frá því um aldamótin 1600. Lesmál er á báðum hliðum og þvert yfir ræmuna. Yfir upphafi textans er níu sm autt bil. Göt eru á tveimur stöðum, letrið er víða máð og sums staðar ólæsilegt. Blaðið var varðveitt í fornbréfasafni Hólastóls og fylgdi með því í Landskjalasafnið (núverandi Þjóðskjalasafn Íslands). Þann 24. júlí 1902 var það afhent Landsbókasafni Íslands til varðveislu.

„Greinarmunur var gerður á hvítagaldri, særingu til verndar sálu og líkama, og svartagaldri sem ætlaður var til skaða.“

Efni textans er særingar gegn kveisu og gigt á bæði latínu og íslensku. Særingar hafa tíðkast frá árdögum mannkyns í öllum trúarbrögðum – aðgengi að heilbrigðisþjónustu var líka vægast sagt á annan máta þá en nú. Greinarmunur var gerður á hvítagaldri, særingu til verndar sálu og líkama, og svartagaldri sem ætlaður var til skaða. Signing kristinna manna er einföld mynd af hvítagaldri, hún bægir á brott illu með krossmarkinu og er iðulega viðhöfð í særingum á borð við þá sem hér birtist. Í orðkynnginni var þó mestur kraftur særingarinnar. Þar lá beinast við að nota kraftmestu orðin, heilaga ritningu. Enda er það svo að á kveisustrengnum eru ritningatextar á latínu og særingar á íslensku inn á milli. Latneski texti kveisublaðsins er úr guðspjöllum *Biblíunnar*, *Jóhannesarguðspjalli* 1:1–4, *Mattheusarguðspjalli* 8:1–13 og *Mattheusarguðspjalli* 9:1–8. Textinn er að mestu tekinn upp úr latneskri þýðingu Erasmusar frá Rotterdam (1466–1536) á *Nýja testamentinu* sem fyrst var prentuð

árið 1516. Nær enginn munur er á texta Erasmusar og texta kveisustrengsins, nema í upphafsorðunum þar sem vitnað er í Jóhannesarguðspjall, „Í upphafi var orðið“, í texta Erasmusar er það „In principio erat sermo“ – en á kveisustrengnum og í Vúlgötu, algengustu þýðingu Biblíunnar á latínu, er það „In principio erat verbum“.

„Höfundur kveisustrengsins er óþekktur og ólíklegt er að hann muni nokkurn tímann koma í ljós úr þessu.“

Höfundur kveisustrengsins er óþekktur og ólíklegt er að hann muni nokkurn tímann koma í ljós úr þessu. Þeirri kenningu hefur verið varpað fram að Jón lærði Guðmundsson (1574–1658) beri ábyrgð á verkinu, en það verður seint sannað. Með kenningunni mælir að Jón fæddist árið 1574 og því á réttum tíma til að hafa skrifað blaðið, auk þess sem því er ekki að neita að ákveðin líkindi eru með rithöndinni á kveisustrengnum og á handritinu Lbs 1235 8vo, *Pistlar og Collectur*, sem eignað hefur verið Jóni.

Eftir siðaskipti tóku veraldleg yfirvöld og kirkjan að líta mjög neikvæðum augum á þessar tilraunir til lækninga og beittu sér gegn þeim. Árið 1631 var Jón lærði dreginn fyrir dóm fyrir að hafa skrifað nokkur kver og blöð sem innihéldu meðal annars „ristingar fyrir gulusótt, útsótt, matleiða, hósta, kláða og höfuðverk“. Jón sagði þetta ekki vera nokkrum manni eða skepnu til meins brúkað, en dómarrar töldu að þetta væri „fullkomleg vanbrúkun guðs heilaga nafns“ og „í engan máta líðast mega“. Jón var dæmdur í útlegð fyrir skrifin.

Þótt þessi dómur sýni að Jón hafi fengist við að skrifa blöð lík kveisustrengnum má ekki gleyma því að fleiri en hann voru að fikta við „annarleg stafrófs skrif“. Gísli Snæbjarnarson (f. um 1570) var ákærður árið 1630 fyrir

að hafa reynt lækningar á dóttur Bergþórs á Kúldalsá „í meinleysi og góðri meiningu“ – en án árangurs. Meðalið var „svoddan blöð, bréf, stafró, fígúrir og characterus“. Dómurinn yfir honum var þó eingöngu tiltal en ekki útlegð.

Báðir þessir dómar byggðu á konungsbréfi Kristjáns IV. um galdramenn og vitorðsmenn þeirra frá 1617. Í ritgerðinni Hugarás sem sr. Guðmundur Einarsson (um 1568–1647) skrifaði gegn Jóni lærða árið 1627 þýðir hann konungsbréfið. Þar segir að

dagleg reynsla kennir það, að nokkrar heimuglegar konstir, sem eru signingar, særingar, rúnir [og] galdrastafir [...] tíðkast mjög og haldast fyrir þann hlut, sem er vel líðanlegur og ekki forboðinn sé. Af þeirri orsök að þessir menn sem fremja þvílíkar konstir, aktast fyrir soddan menn, sem gagn gjöri og heilbrigði gefi, bæði mönnum og peningum manna, þar með og af því að í þvílíkri kunnáttu tíðkast oft og tíðum nokkur tiltekin Guðs orð. Svo því er í vind slegið með öllu, að þvílík list sé af Almáttugum Guði harðlega fyrirboðin, svo sem sú er mannskepnuna leiðir frá Guði og þeirri náttúrulegri hjálp og læknisdómi sem hann tilsett hefur, til djöfulsins heimuglegra og ónáttúrulegra ráða og miðils.

„Eftir siðaskipti tóku veraldleg yfirvöld og kirkjan að líta mjög neikvæðum augum á þessar tilraunir til lækninga og beittu sér gegn þeim.“

Sr. Guðmundur fór fram á að Jón yrði brenndur fyrir galdrakunst sína. Með konungsbréfinu 1617 fóru veraldleg yfirvöld að taka harðar á galdramálum.

Skömmu áður hafði kirkjan sýnt þessum málum aukna athygli, með Kýraugastaðasamþykkt Odds biskups Einarssonar (1559–1630) frá 1592. Þar segir að „þeir sem fara með kukl, töfra og rúnir, svo sem eru ristingar eður aðrar þess konar sær-ingar og kveisublöð, og annan þvílíkan djöfulskap, með hverjum þeir látast lækna mein og kránkdæmi manna, straffist af prestinum [...] því oss virðist þvílíku fylgja stór guðlöstun.“

„Kveisustrengurinn er einstakur minnisvarði um tilraunir fólks til lækninga með aðferðum sem hið opinbera vann mjög á móti.“

Kveisustrengurinn er einstakur minnisvarði um tilraunir fólks til lækninga með aðferðum sem hið opinbera vann mjög á móti. Blöð af þessu tagi voru langflest eyðilögð í galdraofsóknunum; vitnisburð um þau – og örlög höfunda þeirra – er helst að finna í málsskjölum yfirvalda.

Heimildir:

Lbs fragm. 14

Lbs 494 8vo

Lbs 66 4to


Alþingisbækur Íslands II. bindi. Reykjavík, 1915-1916.

Alþingisbækur Íslands V. bindi. Reykjavík, 1922, 1925-1932.


Magnús Már Lárusson: „Eitt gamalt kveisublað“. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1951-1952: s. 81-90.

Viðar Hreinsson: Jón lærði og náttúru náttúrunnar. Reykjavík, 2016.

Texti: Gunnar Marel Hinriksson. Hönnun: Ólafur J. Engilbertsson. Aðrir sem höfðu umsjón með verkefninu: Oddfríður Helgadóttir, Rannver Hannesson, Örn Hrafnkelsson.



Sýning í Safnahúsinu
7. júní 2018 – 2. júní 2019

 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

200 ára | 1818–2018